



Rafrænir miðar á gámasvæði

Frá og með 1.janúar 2023 verða teknir í notkun rafrænir miðar á gámasvæðið. Eins og áður fær hvert heimili 12 miða til að nota yfir árið en í stað útprentaðra miða fyrir hvert heimili þarf að sækja klippikort í íbúagáttinni. Allir þeir sem skráðir eru með lögheimili á sama heimilisfangi geta sótt kortið í sinn síma og notað það saman.

Farið er inn á íbúagáttina á heimasíðu Ölfuss [íbúagátt Ölfuss \(ibuagatt.is\)](https://ibuagatt.is) og rafæna kortið sótt í síma.

Get your pass now! /
Sæktu passann þinn núna!



Here is your pass / Hér er passinn þinn
Just scan the QR code with your phone to download your pass/
Skannaðu QR kóðann með símanum þínum til þess að niðurhala passanum



Ef þú ert með Android verður þú að niðurhala í símann þinn [SmartWallet](#). Síðan getur þú einfaldlega opnað myndavélina inni í appinu og skannað inn QR kóðann.



Ef þú ert með Apple getur þú notað Apple Wallet appið sem er þegar í símanum þínum. Einfaldlega opnaðu myndavélina á símanum þínum og skannaðu QR kóðann



Don't forget to charge your phone. / Ekki gleyma að hlaða símann þinn.

Athugið að setja þarf kortið í rafrænt veski eins og t.d. [SmartWallet](#) fyrir Android síma eða Apple Wallet fyrir Iphone síma til að það virki.

Þegar komið er með sorp á gámasvæðið er kóðinn á kortinu skannaður af starfsmanni gámasvæðis.

Þeir sem ekki eru með snjallsíma geta farið í íbúagáttina og prentað miðann út. Þá þarf að koma með miðann og láta skanna í hvert skipti sem komið er með sorp á gámasvæðið.